Guðshugmynd í Íslam

Það er alkunna að sérhver þjóðtunga ræður yfir einu eða fleiri orðum yfir guðshugtakið. En orðið Allah hefur þar sérstöðu. Það er sérnafn hins eina sanna Guðs og orðið er hvorki til í fleirtölu né kynbeygingu. Sérstaðan kemur vel í ljós þegar borið er saman við orðið "guð", sem hægt er að setja í fleirtölu "guðir", og í kvenkyn "gyðja". Það er athyglisvert að Allah er sérheiti Guðs á armeísku, tungu Jesú og systurtungu arabískunnar. Einstæði heitisins sem Íslam hefur yfir Guð endurspeglar Hinn Eina Sanna Guð. Múslímum er Guð Skaparinn almáttugi sem viðheldur öllu lífi. Enginn er Honum jafn, og Honum verður ekki jafnað til neins. Samtímamenn Múhammeðs spurðu hann um Guð og svarið kom beint frá Honum sjálfum í formi stutts kafla í Kóraninum. Þessi kafli er kjarni einingarkenningarinnar og einkunnarorð eingyðistrúar: "Í nafni Guðs hins Náðuga og Miskunnsama. Seg þú: "Guð er einn, hinn Eilífi Guð. Hvorki hefur Hann getið neinn, né verið af neinum getinn. Enginn er Honum jafn."" (112.)

Ýmsir sem standa utan Íslam staðhæfa að Guð Íslams sé strangur og miskunnarlaus Guð sem krefjist skilyrðis-lausrar hlýðni. Hann sé hvorki miskunnsamur né kærleiksríkur. Ekkert er fjær sanni. Nægir að nefna að hver einasti af 114 köflum Kóransins, utan einn, hefst á orðunum "Í nafni Guðs, hins Náðuga og Miskunnsama." Múhammeð spámaður sagði að Guð væri margfalt kærleiksríkari en elskandi móðir við barn sitt.

En Guð er líka réttlátur. Því hljóta misgjörðamenn og syndarar að fá sinn skerf af refsingu Guðs, en dyggðugir að njóta gjafa Hans og velþóknunar. Miskunn Guðs kemur einmitt berlega í ljós í réttlæti Hans. Fólk sem alla ævi hefur þjáðst fyrir málstað Guðs, og á hinn bóginn fólk sem hefur níðst á öðrum allt sitt líf, á ekki að fá sams konar laun hjá Drottni sínum. Að búast við sömu örlögum beggja jafngildir því að hafna ábyrgð mannsins á eigin gjörðum - sem jafngildir aftur því að sjá engan tilgang með vönduðu og dyggðugu lífi hér á jörð. Eftirfarandi Kóranvers eru skýr og afdráttarlaus: "Hinum réttlátu mun Herra þeirra launa með Görðum Sælunnar. Ættum Vér að gera sanntrúuðum jafnt til og ranglátum? Hvað bagar yður? Hvernig dæmið þér? (68,34-36.)

Íslam hafnar öllum lýsingum á Guði í hvers konar mannsmynd og fullyrðingum um að Hann taki einhverja einstaklinga eða þjóðir fram yfir aðrar á grundvelli ríkidæmis, valds eða kynþátta. Hann skapaði alla menn jafna og hylli Guðs geta menn aðeins áunnið sér með dyggðugu lífi og guðsótta.

Íslam hafnar einnig kenningum á borð við þær að Guð hafi hvílst á sjöunda degi sköpunarinnar, að Hann hafi glímt við mann, að Hann sitji á illgjörnum svikráðum við mannkyn, og að Hann hafi klæðst holdi í mannsmynd. Allt er þetta guðlast frá sjónarhóli Íslams.

Einstæði nafnsins Allah endurspeglar áhersluna sem Íslam leggur á hreinleika guðstrúarinnar, sem er kjarninn í boðskap allra sendiboða Guðs. Þess vegna lítur Íslam svo á að tenging einhvers annars guðdóms við Guð sé dauðasynd, sem Guð muni aldrei fyrirgefa, þrátt fyrir þá staðreynd að hann geti fyrirgefið allar syndir aðrar.

Eðli skapara hlýtur að vera annað en eðli skapaðra hluta, því ef hann er sömu gerðar og þeir, er hann tímanlegur og hefur sjálfur átt sér skapara. Þar af leiðir að ekkert líkist honum. Ef skaparinn er ekki tímanlegur, hlýtur hann að vera eilífur. Og ef hann er eilífur, hefur enginn komið tilveru hans til leiðar - og ef enginn kom tilveru hans til leiðar, getur ekkert utanaðkomandi látið hann hætta að vera til, sem táknar að hann er sjálfum sér nægur. Og ef hann er ekki upp á neinn kominn um tilveru sína, þá er tilvera hans án alls enda. Skaparinn er þess vegna eilífur og ævarandi. “Hann er hinn fyrsti og síðasti.” Hann er sjálfum sér nægur eða svo notað sé orð Kóransins “Al Qæjum”. Skaparinn skapar ekki aðeins í þeim skilningi að hann láti hlutinn verða til. Hann varðveitir líka hið skapaða, bindur enda á það, og er valdur að öllu sem hendir það. “Guð er skapari alls og Hann gætir allra hluta. Hans eru lyklar himna og jarðar. (39,62-63.) “Engin er sú skepna jarðar að Guð annist hana ekki. Hann veit hvar hún á heima og hvar hún dvelst.” (11,6.)

Eiginleikar Guðs Ef skaparinn er eilífur og ævarandi hljóta eiginleikar Hans líka að vera eilífir og ævarandi. Hann getur ekki glatað neinum eiginleika sinna eða öðlast nýja. Fyrst svo er, þá eru eiginleikar Hans algjörir. Geta verið til fleiri en einn skapari með þess konar algjöra eiginleika? Geta til dæmis verið til tveir almáttugir skaparar? Við sjáum á augabragði að slíkt er óhugsandi. Kóraninn dregur þessi rök saman í eftirfarandi versi: “Aldrei hefur Guð getið son, og enginn er Guð nema Hann. Væri það á annan veg, hlyti hver guð að ráða sinni eigin sköpun, og hver að sigra annan.” (23,91.)

Guð er einn Kóraninn minnir okkur á haldleysi hjáguða. Þá sem dýrka hluti gerða af mannahöndum spyr Hann: “Viljið þér dýrka það sem þér hafið sjálfir meitlað, eða hafið þér lagt hug á aðra en Hann yður til verndar, jafnvel þá sem ekki duga til að vernda sjálfa sig?”

Tilbiðjendum himintungla er sögð sagan af Abraham: “Þegar nóttin brá skugga sínum, sá hann stjörnu. Og hann mælti: “Er þetta minn guð?” En þegar hún fölnaði brott í birtu dagsins, kvað hann: “Ekki dýrka ég guði sem hverfa.” Þegar hann sá mánann rísa, sagði hann: “Getur þetta verið minn guð? En þegar hann hneig af himni, mælti hann: “Ef Guð vísar mér ekki til vegar hlýt ég að villast.” Loks er hann sá sólina ljóma, sagði hann: “Gæti þetta verið minn guð? Að sönnu er það hið mesta.” En þegar einnig hún gekk til viðar, mælti hann við fólk sitt: “Ég segi skilið við það sem þér kallið guði. Ég sný augliti mínu í einlægni til Hans sem hefur skapað himnana og jörðina, og ég hafna allri hjáguðadýrkun.” (6,77-80.)

Afstaða trúmannsins Til að verða múslími, þ.e. að gefa sig Guði á vald, er nauðsynlegt að trúa að Guð sé einn, sem táknar að Hann sé eini skaparinn, sá eini sem viðhaldi lífi, sá eini sem næri það o.s.frv. En margir hjáguðadýrkendur trúðu og vissu að aðeins æðsti guðinn gæti gert allt þetta, en það nægði ekki til að gera þá að múslímum. Múslíminn verður að viðurkenna að það er Guð einn sem verðskuldar tilbeiðslu, og hann verður að halda sér frá að tilbiðja neinn eða neitt annað. Hafi þessari þekkingu um einn sannan Guð verið náð, ber manninum að festa trú sína á Honum og láta ekkert koma sér til að afneita sannleikanum. Þegar hjarta mannsins opnast fyrir trúnni eiga sér stað ákveðin hughrif sem koma fram í vissum gjörðum. Þessi hughrif og gjörðir eru sönnun trúarinnar. Spámaðurinn sagði: “Trú er það sem tekur sér bólfestu í hjartanu og sýnir sig í verkunum.” Sterkust þessara hughrifa er þakklætistilfinningin til Guðs, og það má segja að hún sé kjarninn í guðsdýrkun. Þessi þakklætistilfinning er svo mikilvæg að hinn vantrúaði er nefndur “kafír”, sem þýðir “sá sem afneitar sannleikanum”, en þýðir líka “sá sem er vanþakklátur”. Hinn trúaði elskar Guð og þakkar Honum allar gjafir Hans. En þar sem hann gerir sér ljóst að eigin góðverk, andleg og efnisleg, eru óralangt frá því að vera í neinu hlutfalli við gjafir Guðs, er hann sífellt uggandi um að Guð muni refsa sér, hér eða hinum megin. Hann óttast því Guð, hlýðir Honum og þjónar í auðmýkt. Maður slíkra hughrifa hlýtur að minnast Guðs næstum hverja stund. “Að minnast Guðs” er þannig lífskraftur trúarinnar, sem án þess mundi dofna og fölna brott. Kóraninn leitast við að styrkja þessa þakklætistilfinningu með oftlegum endurtekningum á eiginleikum Guðs. Þessir eiginleikar eru nefndir flestir saman í eftirfarandi Kóranversum:

“Hann er Guð, enginn er Guð nema Hann. Hann þekkir allt hulið og sýnilegt. Hann er hinn Náðugi, hinn Miskunnsami. Hann er Guð og enginn annar er guð. Hann er Drottinn, hinn Heilagi, Friðargjafinn, Vörður trúarinnar, Verndarinn, hinn Almáttugi, hinn Voldugi, hinn Hæsti. Hann sé vegsamaður um alla hjáguði fram! Hann er Guð, Skaparinn, sem

skapar úr engu og mótar hið skapaða. Honum sæma hin veglegustu nöfn. Hann er hinn Alvaldi, hinn Alvitri.” (59,22-24).

“Guð - enginn er guð nema Hann, hinn Lifandi, Eilífi. Að Honum svífur aldrei blundur, aldrei svefn. Allt lýtur Honum á himnum og jörðu. Hver nálgast Hann til meðalgöngu nema með Hans leyfi? Hann veit hvað er framundan hjá öllum og hvað að baki þeim, meðan þeir öðlast aðeins það af þekkingu Hans sem Hann vill. Hásæti Hans umlykur himna og jörð og að vernda hvorttveggja þreytir Hann ekki. Hans er tignin og mátturinn.” (2,255.)

“´Þér menn Ritninganna, stígið ekki yfir mörk trúarinnar; segið ekkert nema sannleikann um Guð. Messías, Jesús, sonur Maríu, var aðeins sendiboði Guðs, og Orð Hans sem Hann sendi Maríu, - og Andi Hans. Trúið því á Guð og sendiboða Hans, og segið ekki “þrír”. Forðist það, og yður mun betur vegna. Guð er aðeins einn Guð. Hann er of hátt hafinn að Hann skuli son geta.” (4,171.)

Guðshugmynd í Íslam er þýðing á Concept of God in Islam í ritröð um Íslam sem gefin er út af WAMY (World Assembly of Muslim Youth) í Riyad, Saudi Arabíu.